

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 307 25. apríl 1983 um iðgjald til  
slysatrygginga skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

3. grein hljóði svo:

Iðgjöld skulu á árinu 1984 nema 0,32% af gjaldstofni skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. maí 1984.***Matthías Bjarnason.**Jón Ingimarsson.

Nr. 235

**REGLUGERÐ**

14. maí 1984

um breyting á reglugerð nr. 796/1983 um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	Kr.
1. Áfrýjunarleyfi .....	525
2. Nóvaleyfi .....	525
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum .....	265
4. Lögskilnaðarleyfi .....	525
5. Ættleiðingarleyfi .....	265
6. Leyfisbréf til heildsölu .....	25 800
7. Leyfisbréf til umboðssölu .....	12 960
8. Leyfisbréf til smásölu .....	6 360
9. Leyfisbréf til lausaverslunar .....	5 280
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis .....	265
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað .....	5 280
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi .....	2 640
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasölualeyfi .....	1 860
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl. ....	265
15. Leyfi til tækifærisveitinga .....	285
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur .....	6 720
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára .....	11 520
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára .....	22 440
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga) .....	295
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar .....	500
18. Iðju- og iðnaðarleyfi .....	2 640
19. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti .....	3 840

	Kr.
20. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi .....	745
21. Leyfi til að stunda almennar lækningar .....	745
22. Leyfi til að stunda sérlækningar .....	3 840
23. Leyfi til að stunda tannlækningar .....	745
24. Sérfræðileyfi til tannlækninga .....	3 840
25. Leyfi til fasteignasölu .....	1 275
26. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa .....	145
27. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) .....	70
28. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum .....	265
29. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum .....	265
30. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977 .....	3 840
31. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi .....	1 275
32. Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl. ....	265
33. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977 .....	265
34. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977 .....	70
35. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977 .....	525
36. Leyfi til þorskfisknetaveiða:	
a) Frá 1. janúar til 15. maí .....	1 500
b) Frá 15. maí til 20. desember .....	500
37. Leyfi til dragnótaveiða .....	1 500
38. Leyfi til humarveiða .....	1 500
39. Leyfi til rækjuveiða innan fjarða .....	1 500
40. Leyfi til úthafs rækjuveiða .....	1 500
41. Leyfi til skelveiða .....	1 500
42. Leyfi til loðnuveiða skv. reglugerð .....	1 500
43. Leyfi til síldveiða:	
a) Í hringnót .....	1 500
b) Í reknet .....	1 500
c) Í lagnet .....	500
44. Leyfi til grásleppuveiða .....	500
45. Leyfi til kolmunnaveiða og spærlingsveiða .....	1 500
46. Leyfi til hrefnuveiða .....	1 500
47. Leyfi til skammtíma- og tilraunaveiða .....	500
48. Leyfi til að starfrækja rækju- og hörpudiskvinnslu .....	25 800
49. Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum .....	265

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi frá og með 15. maí 1984.

*Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

*Höskuldur Jónsson.*